

## Náttúruverndarstofnun

Garðabær  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Garðabær, 26. febrúar 2025  
202502-0075/P.V.B.  
10.03.01

### Efni: Leyfi til framkvæmda Vífilstaðarhlíð göngu og reiðstígur

Náttúruverndarstofnun hefur móttækið umsókn Garðabær, dagsett, 13. febrúar 2025, um leyfi til framkvæmda innan Urriðakotshraun.

Urriðakotshraun er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 60/2024. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarð- og hraunmyndanir í fólkvanginum og óheimilt er að spilla gróðri nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarð- og hraunmyndunum á svæðinu eða hefur áhrifa á verndargildi þeirra nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Allar framkvæmdir þar með talin mannvikjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Garðabæjar, landeigenda og Náttúruverndarstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmd vegna reiðstígs annars vegar og göngustígs hins vegar sem myndu tengja saman leiðir í Vífilstaðarhlíð og Búrfellshrauni skv. gildandi aðalskiplagi og deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og deiliskiplagi útivistarsvæðis í Urriðadölum. Með umsókn fylgdu teikningar af fyrirhugðum stígum og hvernig þeir tengjast núverandi stígakerfi. Reiðstígurinn yrði 3 metra breiður sem er 1 metra mjórri en hefðbundinn reiðstígur. Reiðstígurinn myndi þvera göngustíg neðst í Vífilsstaðahlíð. Núverandi göngustíg yrði hliðrað lítillaga til þannig að reiðstígurinn geti þverað nánast hornrétt á göngustíginn. Skoðað verður hvort þörf verði á að setja upp girðingu þar sem reiðstígur yrði samsíða göngustíg. Á stuttum köflum þar sem reiðstígurinn færi um hraun beggja vegna Heiðmerkurvegur verður vandað til verka þannig að ekkert rask verði út fyrir stíginn nema lágmarksfláar og fyllingar. Allt laust hraungrjót úr stígstæðinu verður tekið og nýtt til frágangs á jöðrum reiðstígsins. Göngustígurinn kæmi í framhaldi af núverandi útivistarstíg sem liggur þvert yfir Búrfellshraun. Í dag endar stígurinn við Heiðmerkurveg en fyrir er troðningur í gegnum hraunjaðarinn og yrði lega stígsins sett í þau spor sem þar eru greinilegust. Stígurinn yrði 1,2-1,5 metra breiður og yfirborðsefni mól eins og er í núverandi stíg. Allt laust hraungrjót úr stígstæðinu verður tekið og nýtt til frágangs á jöðrum stígsins. Mögulega þarf að nota grjót í nokkur þrep þar sem stígurinn er brattastur. Fyrirhugaðir stígar munum þvera Heiðmerkurveg þar sem í dag er bílaútskot. Lokað verður fyrir möguleikann að leggja þar bílum. Settar verða upp þrengingar eða merkingar þar sem

## Náttúruverndarstofnun

göngustígur og reiðleið þvera veginn. Minni gerðir af vélknunum tækjum verða nýtt til að koma malarefni á staðinn. Ekki er þörf á að loka stígum nema að litlu leyti þegar vinna við að tengja núverandi stíga fer fram. Áætlaður verktími er ca 4 vikur. Reynt verður að hefja framkvæmdir 3. mars 2025..

### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið líklegt til að hafa neikvæði áhrif á jarðminjar á svæðinu og ásýnd svæðisins sé ekki vandað til verka við frágang. Um er að ræða framkvæmd sem færir fram á óröskuðu svæði. Framkvæmd gæti haft neikvæð áhrif á gesti svæðisins á framkvæmdartíma en til lengri tíma er framkvæmdinni ætlað að bæta aðgengi þeirra að fólkvanginum sem vegur á mótum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Náttúruverndarstofnun metur að hægt verði að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið að skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Garðabær fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum innan Urriðakotshrauns sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Stígarnir skulu falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna utan stígana.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og

## Náttúruverndarstofnun

lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna. Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands. Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu. Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

### **Leyfisgjald:**

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

### **Eftirlit:**

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs. Greitt skal fyrir það eftirlit skv. gjaldskrá.

Hákon Ásgeirsson  
**sviðsstjóri**

René Biasone  
**svæðissérfræðingur**